



Reglur Sveitarfélagsins Hornafjarðar um akstursþjónustu aldraðra

Reglur þessar eru settar með vísan til ákvæða X. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 með síðari breytingum. Velferðarsviðs Sveitarfélagsins Hornafjarðar sinnir þjónustu við íbúa sveitarfélagsins samkvæmt reglum þessum.

I. kafli

Almenn ákvæði

1. gr.

Markmið

Markmið með akstursþjónustu aldraðra í Sveitarfélagi Hornafjarðar er að gera öldruðum kleift að búa í heimahúsi lengur og stuðla að auknu félagslegu sjálfsstöði.

II. kafli

Umsókn um þjónustu og réttur til þjónustu

2. gr.

Umsókn og fylgigögn

Akstursþjónustan er ætluð íbúum sem eru 67 ára og eldri sem hafa lögheimili í Sveitarfélaginu Hornafirði, búa í heimahúsi, hafa ekki aðgang að eigin farartæki og eru ófærir um að nota almenningssamgöngur vegna langvarandi hreyfihömlunar. Með langvarandi hreyfihömlun er átt við að lágmarki þriggja mánaða hreyfihömlun þar sem talið er að þá sé liðinn það langur tími til að ætla megi að kostnaður vegna ferða hafi áhrif á fjárhag viðkomandi.

Umsókn um akstursþjónustu skal berast í gegnum íbúagátt á heimasíðu Sveitarfélagsins Hornafjarðar. Matsnefnd Þjónustunnar heim, sem er á vegum velferðarsviðs Sveitarfélagsins Hornafjarðar annast afgreiðslu umsóknar um akstursþjónustu aldraðra. Umsækjandi getur veitt öðrum skriflegt umboð til að sækja um fyrir sína hönd. Umsókn skal metin á grundvelli möguleika umsækjanda til að nýta sér aðra ferðamöguleika.

Umsækjandi skal skila inn gögnum varðandi eftirfarandi atriði til að umsókn verði samþykkt og verða þau að vera uppfyllt á meðan umsækjandi fær akstursþjónustu aldraðra:

- Umsækjandi skal eiga lögheimili í Sveitarfélagi Hornafjarðar.
- Umsækjandi skal vera 67 ára eða eldri.
- Umsækjandi skal búa sjálfstætt.
- Umsækjandi hefur ekki aðgang að eigin bifreið.

Í þeim tilvikum þar sem einstaklingar fá eingöngu lífeyrisgreiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins, eru félagslega einangraðir og hafa lítið fjölskyldunet, er heimilt að veita akstursþjónustu þó um skemmri en þriggja mánaða hreyfihömlun sé að ræða.

Hafi notandi sem orðinn er 67 ára fengið þjónustu á grundvelli reglna um ferðaþjónustu fatlaðs fólks fyrir þann aldur á hann rétt á þeirri þjónustu áfram á meðan þörf krefur.

Þeir sem hafa fengið styrk til bifreiðakaupa frá Tryggingastofnun ríkisins og þeir sem njóta bensínstyrks skulu alla jafna ekki njóta réttar til akstursþjónustu samkvæmt reglum þessum.

3. gr.

Gildistími umsóknar

Gildistími samþykkrar umsóknar skal taka mið af þörf hvers og eins. Matsnefnd metur umsóknir og hefur heimild til að taka tillit til tímabundinna eða sérstakra aðstæðna, sem metnar eru sérstaklega hverju sinni. Niðurstaða umsóknar er kynnt rafrænt inná á mínu svæði á íbúagátt sveitarfélagsins. Kynna skal niðurstöðu umsóknar svo fljótt sem unnt er. Eftir að umsókn hefur verið samþykkt er framkvæmd þjónustunnar í umsjá starfsmanna stuðnings- og virkniþjónustu sveitarfélagsins.

Miða skal við að umsókn sé að jafnaði ekki samþykkt lengur en til eins árs í senn. Stuðnings- og virkniþjónusta skal upplýsa notanda að jafnaði tveimur mánuðum áður en samþykkt umsókn rennur úr gildi.

Notandi skal upplýsa matsnefnd um breytingar á högum sínum. Ef um er að ræða verulegar breytingar á högum umsóknaraðila eftir að umsókn hefur verið samþykkt er matsnefnd heimilt að endurskoða gildistíma samþykkis fyrir akstursþjónustu aldraðra.

Þegar umsækjandi hefur fengið samþykka umsókn getur hann óskað eftir þjónustu.

III. kafli

Framkvæmd akstursþjónustunnar

4. gr.

Þjónustutími

Akstursþjónusta aldraðra er í boði á eftirtöldum tímum:

- Virka daga frá kl. 8:00 til kl. 22:00.
- Um helgar frá kl. 10:00 til kl. 22:00.

Akstur á stórhátíðardögum er eins og á sunnudögum að undanskildum aðfanga- og gamlársdegi. Þá daga er akstursþjónusta til kl. 17:00 og aftur frá kl.: 20-22. Miðað er við að ferðir hefjist innan þjónustutíma.

5. gr.

Tilhögun ferða

Ferð er skilgreind í reglum þessum sem akstur frá einum stað til annars innan þjónustusvæðis.

Notandi skal vera tilbúinn til brottfarar í anddyri brottfararstaðar á umsömdum tíma. Við sérstakar aðstæður skal veita notanda aðstoð við að komast frá brottfararstað í bílinn. Ekki er beðið á meðan notandi sinnir erindi sínu. Bílstjórum er ekki heimilt að sinna sendiferðum fyrir notanda.

Notanda sem ekið er til læknis er heimilt að hringja eftir akstri til baka að viðtali loknu enda hafi það ekki verið vitað fyrir fram hve viðtalið tæki langan tíma.

Akstursþjónusta aldraðra er sérhæfð þjónusta og þurfa notendur því að vera viðbúnir töfum eða breytingum á áætlun, s.s. vegna færðar og umferðartafa á annatímum.

6. gr.

Pantanir/afpantanir

Notendur panta ferðir símleidis og tekið er á móti pöntunum alla virka daga frá 8:00 – 15:30. Ekki er unnt að tryggja að hægt sé að veita þjónustu til einstaklinga nema pantað sé með a.m.k. dags fyrirvara, þó reynt sé að bregðast við pöntunum eins fljótt og auðið er. Notendur skulu gefa upplýsingar um fastar ferðir vegna t.d. læknistíma eða þjálfunar, til að þjónustuaðilar geti leitað hagræðis við skipulagningu

ferða. Afþöntun reglubundinna ferða skal vera með sem lengstum fyrirvara, helst deginum áður en í undantekningar tilvikum með tveggja klukkustunda fyrirvara fyrir fyrirhugaða ferð. Að öðrum kosti telst ferðin með í uppgjöri.

7. gr.

Aðrir farþegar/aðstoðarmenn

Notendum er heimilt að hafa með sér annan farþega sé það tekið fram þegar pantað er og greiðir notandinn þá sama verð fyrir hann.

Geti notandi ekki ferðast einn að mati matsnefndar er hægt að krefjast þess að aðstoðarmaður fylgi notanda. Fyrir aðstoðarmann er ekki greitt fargjald.

8. gr.

Gjald, fjöldi ferða og þjónustusvæði

Gjald fyrir akstursþjónustu aldraðra skal miðast við gjaldskrá velferðarsviðs um akstursþjónustu aldraðra sem samþykkt er í bæjarstjórn í janúar ár hvert.

Hámarksfjöldi ferða er 16 ferðir á mánuði. Heimilt er að veita fleiri ferðir þegar um er að ræða eftirfarandi skilyrði:

- a. Akstur til að sækja lækni meðferð eða endurhæfingu á HSU Höfn eða annarri endurhæfingarstofnun innan þjónustusvæðis í allt að þrjú mánuði á ári.
- b. Akstur í félagsstarf aldraðra í Ekrinni

Þjónustusvæði akstursþjónustunnar er Sveitarfélagið Hornafjörður. Þjónustuveitanda er heimilt að sérsníða þjónustu sem fer fram fjærst þéttbýlinu Höfn

9. gr.

Öryggi

Ökutæki, ökumenn og aðrir starfsmenn akstursþjónustu fatlaðs fólks skulu uppfylla ákvæði gildandi laga og reglugerða um starfsemina.

Ökumaður sem sinnir akstursþjónustu eldri borgara skal hafa ökuréttindi, sótt skyndihjálparnámskeið og önnur þau námskeið sem bætt gera öryggi þjónustuþega. Fyrir ráðningu ökumanns skal liggja fyrir sérstakt sakavottorð eða heimild veitt af hans hálfu til öflunar sérstaks sakavottorðs og upplýsinga úr sakaskrá.

Óheimilt er að ráða starfsmann til aksturs eða annarrar þjónustu fyrir eldri borgara sem hlotið hefur refsídóm fyrir brot á ákvæðum XXII. eða XXIII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með síðari breytingum.

IV. kafli

Önnur ákvæði

10. gr.

Akstur í dagdvöl fyrir aldraða

Um akstur í dagdvöl fyrir aldraða fer samkvæmt 13. gr. laga 125/1999 um málefni aldraðra og reglugerð nr. 45/1990 um dagdvöl aldraðra er kveður á um skyldu rekstraraðila til að annast um og bera kostnað af flutningsþjónustu fyrir þá sem dagdvölinu sækja, til og frá heimili sínu.

11. gr.

Akstur fyrir aldraða til og frá stofnunum

Reglur þessar gilda ekki um akstursþjónustu fyrir aldraða sem eru á stofnunum s.s. hjúkrunarheimilum og þurfa að leita þjónustu utan stofnunarinnar, s.s. sérfræðilæknishjálpar, rannsókn- og sjúkraþjálfunar, sbr. ákvæði 14. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999 þar sem fram kemur að slíkum stofnunum beri að tryggja að þar sé veitt hjúkrunar- og lækniþjónusta auk endurhæfingar.

12. gr.

Samráð og úttekt

Velferðarnefnd Sveitarfélagsins Hornafjarðar kynnir tölfræðilegar upplýsingar og framkvæmd þjónustunnar árlega fyrir öldungaráði.

V. kafli
Málsmeðferð

Um málsmeðferð fer samkvæmt XVII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og stjórnsýslulögum nr. 37/1993.

13. gr.

Könnun á aðstæðum

Kanna skal aðstæður umsækjanda svo fljótt sem unnt er eftir að umsókn um akstursþjónustu aldraðra hefur borist. Sama á við ef matsnefnd berast upplýsingar um nauðsyn á akstursþjónustu með öðrum hætti.

Matsnefnd skal taka ákvörðun í máli svo fljótt sem unnt er og tryggja að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin.

14. gr.

Samvinna við umsækjanda

Við meðferð umsóknar, öflun gagna og upplýsinga sem og ákvarðanatöku skal leitast við að hafa samvinnu og samráð við umsækjanda eftir því sem unnt er en að öðrum kosti við umboðsmann hans ef við á. Umboðsmaður skal framvísa skriflegu umboði.

15. gr.

Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum

Málgögn er varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Hafi starfsmenn kynnst einkahögum umsækjanda eða annarra í starfi sínu, er leynt eiga að fara samkvæmt lögum eða eðli máls, er þeim óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi nema að fengnu skriflegu samþykki viðkomandi.

Umsækjandi á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að svo miklu leyti sem það stangast ekki á við trúnað gagnvart öðrum.

Ökumenn og aðrir starfsmenn akstursþjónustu eldri borgara skulu skrifa undir yfirlýsingu um trúnað. Trúnaðarskylda helst þó að látið sé af starfi.

16. gr.

Leiðbeiningar til umsækjanda

Við afgreiðslu umsóknar skal starfsmaður bjóða umsækjanda ráðgjöf ef þörf er á og veita upplýsingar og leiðbeiningar um réttindi sem hann kann að eiga annars staðar. Þá skal matsnefnd einnig upplýsa

umsækjanda um þær skyldur sem kunna að hvíla á honum vegna umsóknar um akstursþjónustu aldraðra.

17. gr.

Heimildir til ákvarðana samkvæmt reglum þessum

Starfsmenn stuðnings- og virkniþjónustu taka ákvarðanir samkvæmt reglum þessum í umboði velferðarnefndar Sveitarfélagsins Hornafjarðar. Ábendingum notenda varðandi þjónustuna skal beina til stjórnanda stuðnings- og virkniþjónustu.

Velferðarnefnd Sveitarfélagsins Hornafjarðar hefur heimild til að veita undanþágu frá reglum þessum ef sérstakar málefnalegar ástæður liggja fyrir og notandi fer fram á það með sérstakri beiðni til velferðarsviðs innan fjögurra vikna frá því notanda barst vitneskja um ákvörðun. Velferðarnefnd skal fjalla um umsóknina og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er.

18. gr.

Kynning á ákvörðun um akstursþjónustu aldraðra

Kynna skal niðurstöðu umsóknar um akstursþjónustu aldraðra fyrir umsækjanda rafrænt inná íbúagátt sveitarfélagsins svo fljótt sem unnt er. Sé umsókn hafnað í heild eða að hluta skal notandi fá svar þar sem ákvörðun er rökstudd með skýrum hætti með vísan til viðeigandi ákvæða reglna þessara og/eða annarra reglna eða laga, eftir því sem við á. Þar skal jafnframt kynntur réttur umsækjanda til að fara fram á að velferðarnefnd Sveitarfélagsins Hornafjarðar fjalli um ákvörðunina. Umsækjandi hefur fjögurra vikna frest til að vísa máli sínu til velferðarnefndar frá því að honum barst vitneskja um ákvörðunina.

Taki velferðarnefnd mál til umfjöllunar skal niðurstaða hennar kynnt umsækjanda inná íbúagátt sveitarfélagsins og um leið skal honum kynntur réttur hans til málskots til úrskurðarnefndar velferðarmála, Katrínartúni 2, 105 Reykjavík.

19. gr.

Málskot til úrskurðarnefndar velferðarmála

Afrygjun

Umsækjandi getur skotið ákvörðun velferðarnefndar Sveitarfélagsins Hornafjarðar til úrskurðarnefndar velferðarmála. Kærufrestur er þrjú mánuðir frá því að tilkynning barst um ákvörðunina. Kæra telst fram komin innan kærufrests ef bréf sem hefur hana að geyma hefur borsit úrskurðarnefndinni eða verið afhent pósthjónustu áður en fresturinn er liðinn.

20. gr.

Endurupptaka

Eftir að ákvörðun hefur verið tilkynnt aðila máls á hann rétt á því að mál hans sé tekið til meðferðar á ný, innan þriggja mánaða frá því að ákvörðun var kynnt, ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum, eða íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hefur byggst á atvikum sem breyst hafa verulega frá því að ákvörðun var tekin.

21. gr.

Gildistaka

Reglur þessar eru settar á grundvelli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 með síðari breytingum.

Reglur þessar öðlast gildi 1.1.2025

Samþykkt í bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar xx.xx.2024